

L Ö G

um

25
27. júní

breyting á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

Síðasti málslíður 15. gr. skal orðast svo:

Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir
5. gr. og þar á ofan 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna
sektir allar að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til upp-
ljóstrarmanns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar
skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.